

REGLUGERÐ

um heimild til flutnings á aflamarki í íslenskri sumargotssíld frá almanaksárinu 2025 yfir á almanaksárið 2026.

1. gr.

Heimilt er að flytja allt að 40% af óveiddu aflamarki í íslenskri sumargotssíld frá almanaksárinu 2025 til almanaksársins 2026.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr., sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 29. desember 2025.

Hanna Katrín Friðriksson.

Skúli Kristinn Skúlason.

B deild - Útgáfudagur: 30. desember 2025